

Forseti Íslands, kærur vinir og samstarfsfélagar, kæra hátíðarsamkoma, kærur útskriftarnemar!

Það er eitthvað stórkostlegt við dag eins og þennan. Á degi sem þessum verður tíminn nefnilega sýnilegur. Næstum áþreifanlegur. Hann birtist í árunum sem liggja að baki. Í vinnunni. Í sigrunum. Í mistökunum. Í leitinni og öllum skrefunum, sýnilegum og ósýnilegum, sem hafa borið ykkur hingað.

Þess vegna langar mig í dag, kærur listamenn framtíðarinnar, að tala um tímann og samband okkar við hann. Um það hvernig við lifum í honum, hvernig við verjum honum og hvernig við varðveitum nærveruna þegar heimurinn krefur okkur aftur og aftur um hraða, sýnileika og afköst.

Sá heimur tekur nú við ykkur. Hann mun spyrja: Hversu hratt getið þið farið? Hversu sýnileg getið þið orðið? Hversu miklu getið þið áorkað? En gildi lífsins felst ekki í því hversu hratt þið fóruð, heldur hvort þið voruð vakandi á leiðinni. Hvort þið tókuð eftir því sem var að móta ykkur á meðan þið voruð að komast áfram.

Ég spurði mig þessarar spurningar fyrir nokkrum árum á Jakobsveginum á norðurhluta Spánar, þegar ég gekk þvert yfir landið. Um 800 kílómetra leið. Heilan mánuð.

Á leiðinni endurómaði sama spurningin stöðugt í höfði mér: Af hverju er ég, sjálfviljug, að ganga í fjórar vikur þegar ég gæti keyrt sömu leið á einum degi?

Svarið kom smám saman, og það var ekki sársaukalaust. Það kom í skrefunum. Í þögninni. Í því sem opnaðist þegar ég hægði á mér. Í því sem varð mér sýnilegt þegar ég hætti að flýta mér fram hjá eigin lífi.

Við tölum oft um tímann eins og hann sé mælieining: mínútur, klukkustundir, annir, ár. Við mælum hraða, vegalengdir og afköst. En tíminn býr ekki aðeins í klukkunni. Hann býr í líkamanum. Í athyglinni. Í hjartanu. Í því hvernig við veljum að vera til staðar.

Hann mótar hvernig við skynjum heiminn, berum fortíðina, mætum núinu og leyfum framtíðinni að opnast.

Þess vegna skiptir svo miklu máli hvernig við lifum. Því dagarnir verða að árum. Og árin verða að lífi.

Við lifum á tímum þar sem hraði er dyggð, sýnileiki verðlaunaður og viðbragð orðið viðmið. Úr öllum áttum berst sama krafan: flýttu þér. Vertu sýnilegri. Gerðu meira. Svartaðu strax. Fylgstu með. Ekki missa af.

En magn samsvarar ekki gæðum. Að vita af öllu er ekki að það sama og skilningur. Kannski þurfum við ekki fleiri upplýsingar, hraðari svör og stöðug viðbrögð. Kannski þurfum við meiri kyrrð. Meiri dýpt. Athygli sem dvelur lengur.

Kannski þurfum við líka að veita sjálfum okkur brot af þeirri athygli sem við gefum öllu hinu. Að hlusta ekki aðeins út á við, heldur inn á við. Því þegar athyglin dreifist stöðugt á ógnarhraða þá umbreytist sá hraði smá saman í innri kröfu.

Og undir þeirri kröfu leynist þessi þögli kvíði sem mörg ykkar þekkja. Kvíðinn um að verða eftir, verða of sein. Að vera ekki nógu hröð, ekki nógu framleiðin, ekki komin nógu langt.

En þessi hugsun þjónar okkur ekki til lengdar. Hún skapar innri skort. Vítahring. Við hlaupum hraðar en upplifum samt að við drögumst aftur úr.

Lífið sjálft mun þó kenna ykkur dýrmætara lögmál. Það sem þið nærið, það vex. Það sem þið gefið athygli, það dýpkar. Það sem þið ræktið af þolinmæði fær rætur. Ekki á augabragði. Ekki í flýti. Heldur með endurtekningu, þrautseigju og trúmennsku.

Þið munuð uppskera þegar þið gefið ykkur tíma. Ekki vegna þess að leiðin verði alltaf auðveldari, heldur vegna þess að skilningur dýpkar þegar þið hægið á ykkur. Þegar þið gefið ykkur ráðrúm til að sjá betur. Hlusta dýpra. Skynja meira.

Tengsl þurfa tíma til að dýpka. Traust þarf tíma til að festa rætur. Færni verður til í æfingu. Listin í þolinmæði. Hugsunin í kyrrð. Kærleikurinn í umhyggju sem er endurtekin.

Og þetta á hvergi betur við en í listinni.

Sköpunarferlið krefst þess að þið gefið ykkur tíma. Að leita án þess að vita strax hvert svarið er. Að dvelja við spurninguna áður en verkið finnur sitt form.

Leyfið ykkur að prófa. Að mistakast. Að byrja aftur. Að fylgja þræði sem þið skiljið kannski ekki strax, en finnið að togar í ykkur.

Þannig finnið þið ykkar eigin rödd. Ekki með því að flýta ykkur að niðurstöðu, heldur með því að dvelja í leitinni, treysta ferlinu og leyfa verkinu smám saman að sýna ykkur hvað það vill verða.

Mótefnið við hraðanum er meðvitund og tenging. Að gera meira af því sem skiptir máli, af nærveru, ásetningi og hlustun. Að endurheimta eigið skeið. Að neita að láta takt lífsins ráðast af þrýstingi, samanburði og endalausri kröfu um hámarkshraða. Í því felst hugrekki. Nánast uppreisn.

Þegar þið njótið skrefanna í stað þess að elta klukkuna breytist tíminn. Vegalengdin verður ekki lengur lína á korti, heldur upplifun, andardráttur og samtal milli ykkar og heimsins.

Sumt verður aðeins sýnilegt þegar þið veitið því athygli.

Skammtafræðin minnir okkur á þetta á óvæntan hátt. Á smæsta skala efnisins er veruleikinn ekki alltaf fastur og einfaldur, heldur opinn, líkindabundinn og háður því

hvernig hann er mældur. Ljós getur birst sem bylgja og ögn. Öreind getur verið möguleiki áður en hún verður niðurstaða. Þetta breytti ekki aðeins eðlisfræðinni, heldur heiminum okkar.

Og kannski er fallegasti lærdómurinn þessi: það skiptir máli hvernig þið mætið heiminum. Ekki vegna þess að vilji ykkar stjórnar honum, heldur vegna þess að sjónarhorn ykkar og athygli mótar merkingu hans. Hverju þið gefið gaum. Hvernig þið hlustið. Hvaða spurninga þið þorið að spyrja. Og kannski á það sama við um lífið og listina: það sem við veitum djúpa athygli fær rými, farveg og tækifæri til að taka á sig mynd.

Þess vegna þarf listin tíma. Hún verður ekki til í flýti. Hún verður til í endurtekningunni. Í efanum. Í tilraununum. Í þolinmæðinni sem leyfir einhverju að vaxa áður en það verður sýnilegt.

Náttúran minnir okkur á þetta aftur og aftur: allt sem lifir þarf sinn rétta tíma. Þar skiptir ekki aðeins máli hversu hratt eitthvað vex, heldur hvort það fær að vaxa í takt við það sem það er.

Þar er hvíld hluti af vexti, kyrrð hluti af hreyfingu og bið stundum forsenda þess að eitthvað geti orðið til.

Þýski félagsfræðingurinn Hartmut Rosa hefur lýst því hvernig nútíminn þrýstir okkur áfram: við aukum hraðann, ekki alltaf til að komast lengra, heldur til að dragast ekki aftur úr. En það sem mestu máli skiptir fylgir oft öðrum takti. Krefst biðar. Kyrrðar og endurtekningar.

Það er lærdómurinn sem náttúran, listin og lífið sjálf minna okkur á: hið djúpa vinnur hægt.

Rómverski heimspekingurinn Seneca orðaði þetta með óþægilegri skýrleika: vandinn væri ekki sá að við hefðum of lítinn tíma, heldur að svo mikið af honum færi til spillis. Kannski er vandinn ekki að lífið sé stutt, heldur að við látum það renna hjá í stöðugri iðju sem fyllir dagana, án þess að veita lífinu sjálfu athygli.

Mögulega er það einmitt þess vegna sem spurningin um tímann er líka siðferðileg spurning: Hvað fær það besta í okkur?

Stærsta blekking samtímans sú að hraði jafngildi gæðum. Farsæld byggist á samfellu, seiglu og helgun. Samfélagsmiðlar verðlauna hraða. Lífið verðlaunar staðfestu. Það tekur tíma að verða góður í einhverju. Að læra að bera ábyrgð á eigin lífi. Að elska af heilindum, vinna af trúmennsku og skapa eitthvað sem lifir áfram.

Kæru útskriftarnemar.

Í Listaháskóla Íslands hafið þið ekki aðeins lært að skapa. Þið hafið lært að staldra við. Að hugsa. Að leita þekkingar. Að sjá tengsl þar sem aðrir sjá aðeins brot. Að setja hluti í nýtt samhengi. Að þjálfra dómgreindina og treysta henni.

Nýtið menntun til að sjá skýrar. Til að spyrja betur. Til að greina hvað skiptir máli þegar allt kallar á athygli ykkar í einu. Þegar heimurinn krefst skjótra svara, látið dómgreindina og innsæið minna ykkur á að staldra við og setja hlutina í stærra samhengi.

Heimurinn sem bíður ykkar mun oft vilja mæla ykkur með einföldum mælikvörðum: hraða, sýnileika og framleiðni.

En líf sem er þess virði að lifa verður ekki byggt á slíkum mælikvörðum einum saman. Það verður til þegar þið þekkið eigin tilgang og takt, hlustið eftir eigin rödd og standið með því sem krefst tíma, umhyggju og ábyrgðar.

Það sem endist verður sjaldnast til í flýti. Það sem hefur inntak og dýpt þarf tíma til að festa rætur. Verðmæti ykkar birtast ekki í því að svara öllum kröfum samtímans, heldur í því sem þið veljið að rækta, hlúa að og standa með.

Treystið innri áttavitanum. Ekki vegna þess að hann geri leiðina styttri, heldur vegna þess að hann getur gert hana sannari.

Leyfið ykkur að leita án þess að vita strax hvert leiðin liggur. Að villast án þess að tapa áttum. Að mistakast án þess að missa trúna. Eltið ekki aðeins það sem fær lof á augabragði, heldur það sem kveikir forvitni, hreyfir við ykkur og kallar á meira.

Þannig finnið þið ykkar eigin rödd. Ekki sem endanlegt svar, heldur sem lifandi samband við heiminn. Ræktið hana. Treystið henni. Miðlið henni áfram af ábyrgð. Heimurinn þarf ekki meiri enduróm. Hann þarf manneskjur með einstök sjónarhorn, sem spyrja dýpra og þora að móta nýja sýn.

Verjið ekki tímanum í að elta mælikvarða sem aðrir þjuggu til. Búið sjálf til nýja mælikvarða.

Á Jakobsveginum lærði ég að ferðalagið liggur í hverju skrefi. Þegar þið finnið það sem kallar á ykkur, fylgið því með hugrekki, seiglu og trú á að leiðin geti kennt ykkur jafn mikið og áfanginn.

Snorri Hjartarson skrifaði í ljóðinu „Ferð“: „Hver vegur að heiman er vegur heim.“ Og kannski er það einmitt þannig með leiðina sem bíður ykkar núna. Hún liggur út í heiminn, en um leið heim til ykkar sjálfra. Inn að eigin rödd. Eigin dómgreind. Eigin lífi.

Þegar þið gangið héðan út í næsta kafla lífsins óska ég þess ekki að þið verðið fljótust á leiðinni.

Ég óska þess miklu frekar að þið finnið leið sem er ykkar eigin. Að þið ræktið af heilindum það sem á að vaxa og skiptir ykkur máli. Að þið varðveitið nærveru, tengsl,

tilgang og merkingu þegar samanburður, hávaði og hraði mun reyna að taka það frá ykkur.

Kannski snýst þetta ekki um að ná stjórn á tímanum, heldur um að mæta honum með heiðarleika. Að lifa ekki aðeins hratt, heldur af athygli. Af þakklæti. Af ásetningi.

Veljið ekki alltaf stystu leiðina. Veljið þá sem dýpkar ykkur. Þá sem krefst einhvers af ykkur. Þá sem kennir ykkur að þekkja eigin kraft, eigin mörk og eigin rödd. Því stundum er það ekki áfangastaðurinn sem breytir okkur mest, heldur það sem við verðum á leiðinni.

Þegar þið lítið til baka vona ég að þið sjáið ekki aðeins hversu langt þið fóruð, heldur hversu djúpt þið lifðuð.

Til hamingju með daginn!